

Fimmtudaginn 30. október 1997.

Nr. 104/1997.

Ríkisspítalar

(Dögg Pálsdóttir hrl.)

gegn

Jóni Hrafnkelssyni

(Gestur Jónsson hrl.)

Samningur. Sjúkrahús. Læknar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. mars 1997. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að kröfur verði lækkaðar, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti látinn niður falla.

Stefndi krafðist upphaflega staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi. Við munnlegan málflutning breytti hann efnispætti kröfunnar á þann veg, að dómurinn yrði staðfestur með lækkun á höfuðstól greiðslu. Er það nú krafa hans, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 2.373.778 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af tilteknum hluta þeirrar fjárhæðar, er breytist til hækkunar í byrjun hvers mánaðar, frá 1. mars 1993 til 1. nóvember 1995, en af fjárhæðinni allri frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt krefst hann staðfestingar á málskostnaðarákvæði héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur áfrýjandi lagt nokkur ný gögn. Þeirra á meðal er endurrit vitnamáls, sem háð var fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur 9. júní og 26. ágúst 1997.

I.

Varakrafa áfrýjanda um lækkun greiðslna til handa stefnda var ekki höfð uppi í héraði. Er hún í fyrsta lagi á því reist, að krafa í héraðsstefnu hafi orðið of há vegna misræmis við gögn frá skrifstofu

áfrýjanda, sem stuðst sé við. Í annan stað sé krafan of há fyrir þá sök, að gögn frá krabbameinslækningadeild Landspítalans um læknisverk stefnda og reikningar áfrýjanda fyrir verkin til Tryggingastofnunar ríkisins hafi ekki miðast við umsamið einingagildi verkanna í öllum tilvikum. Í þriðja lagi nái krafa stefnda til unninna verka allt frá 1. janúar 1993, en samkomulagi aðila um verkin hafi ekki verið ætlað að taka gildi fyrir en við undirritun þess 27. apríl sama ár. Loks sé krafa stefnda um dráttarvexti ekki miðuð við haldþæra túlkun á samkomulaginu, þar sem gögn um ferliverk á deildinni hafi ekki borist skrifstofu áfrýjanda með reglubundnum hætti eftir hvern mánuð, heldur oftast verið send fyrir nokkra mánuði í senn. Auk þess hafi stefndi ekki höfðað mál sitt fyrir en vorið 1996.

Þessar ástæður varakröfunnar varða allar grundvallaratriði í málinu og eru einnig þess eðlis, að áfrýjanda hefði átt að vera auðvelt að bera þær fram í öndverðu. Uppfyllir krafan þannig ekki skilyrði þess, að á henni verði byggt við úrlausn málsins hér fyrir dómi, sbr. 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Krafa stefnda um greiðslu er reist á yfirliti frá skrifstofu áfrýjanda um fjárhæðir reikninga til Tryggingastofnunar ríkisins fyrir svo nefnd ferliverk, sem stefndi vann á göngudeild krabbameinslækningadeildar Landspítalans mánuðina janúar 1993 til og með september 1995. Tilgreinir yfirlitið annars vegar heildarfjárhæðir reikninga fyrir verk í hverjum mánuði og hins vegar sömu fjárhæðir að frádregnum göngudeildargjöldum, þ. e. þeim hluta endurgjalds fyrir verkin, sem sjúklingi er sjálfum ætlað að greiða, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 340/1992 um ferliverk og reglugerð nr. 194/1992 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Krafan var í upphafi miðuð við síðarnefndu fjárhæðirnar, en stefndi hefur nú breytt henni á þá leið, að hún miðist við tilgreinda heildarfjárhæð hvers mánaðar að frádregnum 40%, þ. e. þeim hundruðshluta heildargjalds fyrir verkin, sem greiðast átti til áfrýjanda fyrir aðstöðu á sjúkrahúsinu samkvæmt 5. gr. samkomulags aðila. Í breytingunni felst leiðrétting á misræmi því, sem fyrir var að vikið, og er hún til lækkunar. Áfrýjandi hefur andmælt breytingunni á þeirri forsendu, að hún raski grundvelli málsins. Á þetta verður ekki fallist, enda á stefndi forræði á sakarefni að þessu leyti, og breytingin á sér skýra stoð í upphaflegum gögnum málsins.

II.

Mál þetta er risið af samkomulagi um meðferð sjúklinga á göngudeild krabbameinslækningadeildar Landspítalans, sem aðilar staðfestu með undirritun 27. apríl 1993 og rakið er að meginefni í hinum áfrýjaða dómi. Átti það að ná til svonefndra ferliverka, sem um ræðir í reglugerð nr. 340/1992, en þetta heiti er þar haft um lækni-meðferð, sem sjúklingum er veitt á læknastofum eða á sjúkrahúsum og krefst ekki innlagnar á sjúkradeild nema í undantekningartilvikum. Reglugerð þessi var sett í september 1992 með stoð í 2. mgr. 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, sem breytt hafði verið með d-lið 19. gr. laga nr. 1/1992 um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992, en lagagrunnur hennar er ekki ágreiningsefni í málinu. Fyrir liggur bréf til sjúkrahúsa um efni reglugerðarinnar, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið ritaði 13. október það ár. Segir þar meðal annars, að hún veiti sjúkrahúsunum kost á að láta göngudeildarþjónustu ná til fleiri sjúklinga en fyrr, án þess að öryggi sé skert, og auka hagræðingu í rekstri.

Samkvæmt samkomulaginu áttu umrædd læknisverk stefnda á göngudeildinni að vera á ábyrgð hans sjálfs, og gjald fyrir þau skyldi vera í samræmi við gildandi samning um sérfræðilæknishjálp milli Tryggingastofnunar ríkisins og Læknafélags Reykjavíkur, sem fjallaði um störf utan sjúkrahúsa. Hins vegar átti áfrýjandi að annast um innheimtu gjaldsins hjá sjúklingum og tryggingastofnun og gera síðan upp við stefnda, en 40% heildargjalds hverju sinni skyldu ganga til Landspítalans vegna aðstöðunnar, sem þar væri látin í té. Fram er komið, að reikningsgerð fyrir verkin var byggð á gögnum frá krabbameinslækningadeild, sem þar var haldið saman fyrir hönd stefnda og annarra lækna, og annaðist starfslið deildarinnar einnig gjaldtöku af sjúklingum. Reikningar til tryggingastofnunar voru sendir frá skrifstofu áfrýjanda fyrir hvert einstakt verk í nafni áfrýjanda og með tilgreiningu á því, hvaða lækni ætti í hlut.

Að sögn áfrýjanda var samkomulagið sama efnis og samningar, sem gerðir voru á svipuðum tíma við sérfræðinga á öðrum deildum Landspítalans, og reikningsgerð fyrir verk þeirra var með svipuðum hætti og vegna stefnda. Segir áfrýjandi jafnframt, að greiðsla fyrir verk þessara lækna hafi ekki mætt fyrirstöðu hjá Tryggingastofnun ríkisins, og hafi uppgjör við lækna ekki valdið neinum vandkvæð-

um. Hins vegar hafi stofnunin látið undan falla að afgreiða reikninga vegna sérfræðinga krabbameinslækningadeildar, og hafi þeir hvorki verið greiddir né endursendir. Kveðst áfrýjandi ekki kunna svör við því, hvað valdi þessari afstöðu stofnunarinnar, og hafa aðilar ekki reynt að skýra hana við flutning málsins.

III.

Sem fyrr segir, átti heildargjald fyrir þau lækniverk, sem samkomulag aðila fjallar um, að skiptast þannig, að 60% rygnu til stefnda, en 40% til áfrýjanda vegna Landspítalans. Ágreiningur í málinu er aðallega í því fólgin, að áfrýjandi hefur neitað að viðurkenna sjálfstæða skyldu til að greiða stefnda hluta hans af gjaldinu. Telur áfrýjandi samkomulagið að öllu leyti háð því, að greiðsla á meginhluta heildargjaldsins kæmi frá Tryggingastofnun ríkisins. Hann hafi að vísu tekið við greiðslum sjúklinga, en uppgjör á þeim sé flókið mál, og aðilar hafi ekki gert ráð fyrir, að það færi fram sérstaklega. Hin umsamda skylda hans til uppgjors við lækninginn sé því ekki orðin virk, þar sem engin greiðsla hafi borist frá stofnuninni.

Á það verður að fallast með áfrýjanda, að samkomulagið beri með sér, að báðir aðilar hafi miðað við, að greiðslur frá tryggingastofnun vegna verka stefnda á göngudeild myndu berast, og þyrfti áfrýjandi ekki að vænta þess að greiða stefnda af eigin fé. Fyrir liggur, að verkin áttu að vera á ábyrgð stefnda og áskilið endurgjald samkvæmt samningi við stofnunina, sem stéttarfélag hans átti aðild að. Á hinn bóginn voru verkin unnin á sjúkrahúsi áfrýjanda, svo að sá samningur veitti stefnda ekki beinan aðgang að tryggingastofnun um greiðslu fyrir verkin. Honum var og ekki falið að tryggja þann aðgang sjálfur, heldur höfðu fyrirvarsmenn áfrýjanda forystu um þær viðræður við stofnunina, sem fram fóru. Jafnframt var áfrýjandi ekki aðeins að innheimta greiðslur vegna stefnda með reikningum sínum til stofnunarinnar, heldur einnig fyrir sjúkrahúsið sjálft.

Þegar á þetta er litið ásamt því, að áfrýjanda var falið að annast allt uppgjör við tryggingastofnun vegna verkanna, verður að hafna þeirri skoðun hans, að stefndi þurfi að bera áhættu af því, að forsenda aðilanna um greiðslur frá stofnuninni brást með þeim hætti, sem fyrr getur. Ber að skýra samningsstöðu þeirra á þann veg, að áfrýjanda hafi þá orðið skylt að gera unnin verk upp við stefnda

innan hæfilegs tíma og halda síðan uppi reglubundnum greiðslum til hans, meðan samkomulaginu væri ekki slitið. Var áfrýjanda nauðsynlegt að segja því upp með skírskotun til forsendubrestsins eða ákvæða þess sjálfs, ef hann vildi ekki una þessari byrði, en samkvæmt 7. gr. samkomulagsins gat hvor aðili sagt því upp með tveggja mánaða fyrirvara. Þann rétt nýtti áfrýjandi ekki, heldur kaus hann að halda uppi hinni umsömdu tilhögun á þjónustu göngudeildar. Sú staðreynd, að stefndi hélt áfram störfum, án þess að fá greiðslu, leiðir ekki til þess, eins og atvikum var háttað, að hann verði talinn hafa glatað kröfurétti á hendur áfrýjanda.

Samkvæmt þeirri skýringu á samkomulagi aðila ásamt stöðu þeirra innbyrðis og gagnvart Tryggingastofnun ríkisins, sem hér hefur verið rakin, ber að taka kröfu stefnda í málinu að fullu til greina, eins og hún er nú fram sett. Pykir það einnig eiga við um dráttarvexti af kröfunni, sem ekki sættu mótmælum í héraði.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og um er mælt í dómsorði. Er þar tekið tillit til þess, að mál þetta er flutt jafnframt sex öðrum málum um hliðstætt úrlausnarfni.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Ríkisspítalar, greiði stefnda, Jóni Hrafnkelssyni, 2.373.778 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 75.032 krónum frá 1. mars 1993 til 1. apríl sama ár, 145.651 krónu frá þeim degi til 1. maí sama ár, 219.347 krónum frá þeim degi til 1. júní sama ár, 277.410 krónum frá þeim degi til 1. júlí sama ár, 366.739 krónum frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 458.113 krónum frá þeim degi til 1. september sama ár, 492.379 krónum frá þeim degi til 1. október sama ár, 597.459 krónum frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 669.432 krónum frá þeim degi til 1. desember sama ár, 736.762 krónum frá þeim degi til 1. janúar 1994, af 815.700 krónum frá þeim degi til 1. febrúar sama ár, 855.097 krónum frá þeim degi til 1. mars sama ár, 929.255 krónum frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 994.144 krónum frá þeim degi til 1. maí

sama ár, 1.080.074 krónum frá þeim degi til 1. júní sama ár, 1.161.358 krónum frá þeim degi til 1. júlí sama ár, 1.224.064 krónum frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 1.319.566 krónum frá þeim degi til 1. september sama ár, 1.368.098 krónum frá þeim degi til 1. október sama ár, 1.435.120 krónum frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 1.514.612 krónum frá þeim degi til 1. desember sama ár, 1.575.400 krónum frá þeim degi til 1. janúar 1995, af 1.654.891 krónu frá þeim degi til 1. febrúar sama ár, 1.713.461 krónu frá þeim degi til 1. mars sama ár, 1.788.430 krónum frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 1.863.398 krónum frá þeim degi til 1. maí sama ár, 1.971.125 krónum frá þeim degi til 1. júní sama ár, 2.057.775 krónum frá þeim degi til 1. júlí sama ár, 2.109.296 krónum frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 2.207.656 krónum frá þeim degi til 1. september sama ár, 2.263.861 krónu frá þeim degi til 1. október sama ár, 2.323.598 krónum frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, en af 2.373.778 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda samtals 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 5. desember 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 13. nóvember sl., höfðaði Jón Hrafnkelsson læknir, kt. 061251-2199, Seiðakvísl 18, Reykjavík, fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur gegn Ríkisspítölum, kt. 540269-6379, Rauðarárstíg 31, Reykjavík, með stefnu, birtri 29. mars 1996.

I.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kröfu, að fjárhæð 2.635.388 kr., með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum] og að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá Lögmannna Mörkinni 1 sf. auk kostnaðar stefnanda af greiðslu virðisaukaskatts af aðkeyptri lögmannsþjónustu.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði alsýknaður af kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til þess að greiða sér málskostnað að mati dómsins. Við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu stefnda að greiða virðisaukaskatt af þóknun til lögmanns síns.

II.

Aðilar málsins deila ekki um atvik þess. Aðalatriði þeirra eru, að stefnandi, sem er sérfræðingur í krabbameinslækningum og starfar sem slíkur við Landspítalann, sem er hluti Ríkisspítalanna, og stefndi gerðu 27. apríl 1993 með sér samkomulag um sjúklinga á göngudeild Landspítalans. Samkvæmt samkomulaginu var stefnanda heimilað að taka sjúklinga til meðferðar í sérgrein sinni á göngudeildinni, og skyldi meðferðin fara fram á spítalanum á fyrir fram ákveðnum tímum samkvæmt vinnutímasamningi, sem dagsettur er sama dag. Fyrir þessa lækniþjónustu skyldi tekið gjald samkvæmt samningi Læknafélags Reykjavíkur og Tryggingastofnunar ríkisins fyrir sérfræðilæknishjálp, en stefnanda bar að greiða stefnda 40% af heildarendurgjaldi lækniþjónustunnar fyrir aðstöðuna á Landspítalanum. Ríkisspítalar áttu að annast innheimtu gjaldsins og gera síðan upp við lækniinn. Um þá innheimtu segir eftirfarandi í 6. gr. samkomulagsins:

„Ríkisspítalar annast innheimtu og reikningsgerð samkvæmt áritun læknis á sérstökum þar til gerðum eyðublöðum stofnunarinnar, og Ríkisspítalar innheimta hjá Tryggingastofnun ríkisins eða öðrum greiðendum reikninga, þar með talið hluta læknis.

Ríkisspítalar innheimta það gjald, sem sjúklingum ber að greiða vegna göngudeildarþjónustu, rannsókna og etv. lyfja og sjúkragagna skv. þeim reglum, sem um það gilda hverju sinni.

Að fenginni greiðslu er síðan gert upp við viðkomandi lækni.“

Samkomulag aðila um framangreint fyrirkomulag á sér stoð í reglugerð nr. 340/1992 um ferliverk og átti að gilda frá 1. janúar 1993 að sögn stefnanda.

Stefnandi kveðst hafa sinnt sjúklingum sínum á göngudeild Landspítalans frá upphafi árs 1993 samkvæmt framangreindu samkomulagi. Spítalinn hafi annast alla reikningsgerð og innheimtu sjúklingahluta frá þeim sjúklingum, sem þjónustunnar hafa notið, og haldið utan um skuld sína við stefnanda frá mánuði til mánaðar í samræmi við samkomulagið. Hann hafi hins vegar engar greiðslur fengið frá stefnda þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Ástæðan muni vera sú, að Landspítalanum hafi ekki tekist að fá greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins á þeim hluta reikninganna, sem hann telji, að eigi að greiða af sjúkratryggingum. Stefnanda hafi margsinnis verið sagt, að verið væri að leita lausnar á málinu, og hann í trausti þess haldið áfram að veita þjónustu sína þrátt fyrir greiðsludráttinn.

Kröfu sína reisir stefnandi á útreikningum samkvæmt bókhaldi stefnda, sem lagðir hafa verið fram í málinu, og dráttarvaxtakröfu á ákvæðum samnings um sérfræðilæknishjálp á milli Læknafélags Reykjavíkur og

Tryggingastofnunar ríkisins. Dráttarvaxta er krafist frá byrjun annars mánaðar frá þeim mánuði, þegar vinnan var innt af hendi, sem greiðslu er krafist fyrir. Hvorugu er mótmælt af hálfu stefnda.

III.

Stefnandi kveður kröfu sína hvíla á samningi sínum og stefnda frá 27. apríl 1993 og þeirri almennu reglu samninga- og kröfuréttar, að samningar skuli standa. Aðilar hafi starfað á grundvelli samkomulagsins og stefnandi að öllu leyti efnt skyldur sínar samkvæmt samkomulaginu og það þótt stefndi hafi vanefnt sínar skuldbindingar. Greiðsluskylda stefnda sé skýr og ekki takmörkuð á nokkurn hátt í samkomulaginu. Stefnandi hafi afhent stefnda mánaðarlega yfirlit yfir endurgjald fyrir vinnu sína. Þá hafi stefndi ekki fært fram nokkur rök eða ástæður, sem réttlæti greiðsludrátt hans, en ekki sé hægt að fallast á, að stefnda beri ekki að greiða stefnanda fyrir vinnu sína, fyrr en Tryggingastofnun ríkisins hafi greitt stefnda. Enda þótt litið yrði svo á, að það væri forsenda greiðslu, hafi aldrei neinn forsendubrestur verið tilkynntur stefnanda, og sé því ekki hægt að bera hann fyrir sig.

Stefndi styður sýknukröfu sína því, að meginforsenda samkomulagsins milli stefnanda og stefnda hafi verið sú, að Tryggingastofnun ríkisins greiddi stefnda þá reikninga, sem framvísað yrði fyrir sérfræðilæknishjálp stefnanda. Greiðsla hafi ekki fengist frá tryggingastofnuninni, og því komi greiðsluskylda stefnda ekki enn til greina, þar sem í samkomulaginu segi, að gert verði upp við viðkomandi lækni að fenginni greiðslu.

IV.

Stefndi hefur viðurkennt skyldu sína til að greiða höfuðstól kröfu stefnanda, en krafan er studd útreikningum stefnda sjálfs. Stefnandi hefur ekki mótmælt dráttarvaxtakröfu stefnanda, enda þótt hann telji, að gjalddagi kröfunnar sé ekki enn kominn af þeim sökum, að Tryggingastofnun ríkisins hafi ekki greitt þann hluta kröfu stefnanda, sem henni beri að greiða.

Tryggingastofnun ríkisins er ekki aðili að samkomulagi því frá 27. apríl 1993, sem kröfur stefnanda eru reistar á. Það ákvæði samkomulagsins, sem stefndi reisir sýknukröfu sína á, verður ekki skilið þannig gegn mótmælum stefnanda, að greiðsluskylda stefnda sé bundin því skilyrði, að honum hafi borist greiðslur frá tryggingastofnuninni. Slíkt skilyrði hefði þurft að orða með skýrum og ótvíráðum hætti. Þessari málsástæðu stefnda er því hafnað.

Samkvæmt þessu verða kröfur stefnanda teknar til greina.

Málskostnaður, sem stefndi greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn 175.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur af þóknun lögmanns.

Friðgeir Björnsson dómstjóri kvað upp þennan dóm.

3062

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ríkisspítalar, greiði stefnanda, Jóni Hrafinkelssyni, 2.635.338 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum] og 175.000 kr. í málskostnað.
